

Vesturfarar frá Skeggjastaðahreppi 1870-1920

Nafn, (aldur), fór hvenær, staða.

Bakki

Einar Jónsson (21), fór 1879 vinnumaður.

Halldór Hjálmarsson (35), fór 1887 búfræðingur.
Magrét Björnsdóttir (30), fór 1887, kona Halldórs.
Björn Halldórsson (2), fór 1887, dóttir þeirra.
Björg Björnsdóttir (25), fór 1887, systir Magrétar.

Nicolai Gunnlaugur Nicolaiisson Höjgaard (27), fór 1887, smiður.

Sonur Nicolai Nicolaiissonar og bróðir Jóns Nicolai, föður Láru á Bakka. Þrír bræður Nicolai fóru einnig vestur.

Sveinbjörn Gíslason (27), fór 1888, smiður.

Smíðalærisveinn á Neðri-Mýrum, Höskuldsstaðasókn, Húnavatnssýslu. Starfaði sem trésmiður í Manitoba eftir að hann fór vestur um haf.

Þorbjörg Þórarinsdóttir (21), fór 1888, vinnukona.

Dóttir Þórarins Hálfánarsonar á Bakka, systir Katrínar Þórarinsdóttur, móður skáldsins Gunnars Gunnarssonar. Dáin 1899 í vesturheimi.

Kristján Þórður Nicolaiisson Höjgaard (37), fór 1892, bóndi.

Jónína Pétursdóttir (26), fór 1892, kona hans.

Guðríður Kristjánsdóttir (1), 1892, barn þeirra.

Katrín Kristjánsdóttir (0), 1892, barn þeirra.

Kristján Þórður var sonur Nicolai Nicolaiissonar og bróðir Jóns Nicolai, föður Láru á Bakka. Þrír bræður Kristjáns fóru einnig vestur.

Benjamín Alexandersson (25), fór 1892, vinnumaður.

Var m.a. á Felli. Fór 1892 og mun hafa kvæst tvívegis ytra. Faðir hans, Alexander Alexandersson fór ári síðar, frá Miðfirði.

Sigurður Ásbjörnsson (38), fór 1903, vinnumaður.

Þorlákur Jónsson (48), fór 1905, vinnumaður.

Sigþóra Þorláksdóttir (13), fór 1905, dóttir hans.

Sigþóra fæddist á Leifsstöðum í Vopnafirði. varð símtjóri í Mikley í Manitoba í Kanada. Giftist 1913 Kristjáni Helgason Tómasson, verslunar- og útvegsmanni á Söndum í Mikley. Þau bjuggu í Mikley og héldu mikið heimili. Þorlákur faðir Sigþóru bjó hjá þeim til æviloka sinna.

Djúpilækur

Benjamín Þorgrímsson (33), fór 1879, bóndi.

Gunnhildur Magnúsdóttir (26), fór 1879, kona hans.

Magnús Benjamínsson (3), fór 1879, sonur þeirra.

Jón Þorgrímur Benjamínsson (1), fór 1879, sonur þeirra.

Jónatan Benjamínsson (0), fór 1879, sonur þeirra.

Einar Benjamínsson (5), fór 1879, sonur þeirra.

Benjamín var ættaður frá Vopnafirði. Gunnhildur kona hans var barnabarn Þorsteins ríka Bjarnasonar, dóttir Magnúsar Þorsteinssonar. Magnús faðir hennar fór sjálfur sama ár til Vesturheims með konu sinni og yngri börnum (sjá Þorvaldsstaðir).

Fell

Sigurður Kristjánsson (22), fór 1882, bóndi.

Júlíana Bjarnadóttir (37), fór 1882, kona hans.

Jónmar Jóhannesson (3), fór 1882, sonur Júlíönu.

Bjarni Oddsson (24), fór 1913, vinnumaður.

Bjarni var einn Fellsbræðra, sonur Odds Gunnarssonar bónda á Felli. Hann kom aftur þegar fyrri heimsstyrjöldin braust út og herskylda var lögð á. Gerðist bóndi í Miðfirði.

Gunnarsstaðir

Þorkell Sigurðsson (22), fór 1879, bóndi.

Jóhanna Halldórsdóttir (24), fór 1879, kona hans.

Sigurður Þorkelsson (0), fór 1879, sonur þeirra.

Björn Pétursson (20), fór 1904, vinnumaður.

Sveitarómagi á Djúpalæk, ættaður frá Melrakkaslétu.

Gunnólfsvík

Sigurlaugur Sigurðsson (44), fór 1879, bóndi.

Björg Illugadóttir (55), fór 1879, kona hans.

Björg Illugadóttir (22), fór 1879, vinnukona.

Vinnukonan Björg er skráð húsfreyja í Árnesbyggð, Manitoba. Var í Gimli, Selkirk, Manitoba, Kanada 1901. Var í Selkirk, Manitoba, Kanada 1906. Hún lést 1951.

Guðjón Gíslason (40), fór 1888, bóndi.

Helga Jónsdóttir (39), fór 1888, kona hans.

Jóhannes Guðjónsson (9), fór 1888, barn þeirra.

Arnþrúður Guðjónsdóttir (7), fór 1888, barn þeirra.

Bjuggu áður á Ytri-Brekkum á Langanesi. Guðjón var bróðir Bjarna Gíslasonar, sem fór 1878 til Vesturheims, frá Miðfjarðarnesi. Bóndi í Garðarbyggð, Norður-Dakota og síðar Vatnabyggðum, Saskatchewan í Kanada. Lést 1912.

Kristín Baldvinsdóttir (27), fór 1889, vinnukona.

Sigurður Baldvinsson (25), fór 1902, húsmaður.

María Guðbjörg Björnsdóttir (27), fór 1902, kona Sigurðar.

Bændur á Hjartareyju í Manitoba, Kanada. Sigurður er látinn 1955.

Baldvin Guðmundsson (67), fór 1903, bóndi.

Elín Gísladóttir (59), fór 1903, kona hans.

Baldvin var bóndi í Viðvík áður.

Víglundur Andrésson (18), fór 1903, vinnumaður.

Andrés Davíðsson (48), fór 1904, tómthúsmaður.

Steinunn Jónsdóttir (50), fór 1904, kona hans.

Trausti Andrésson (16), fór 1904, sonur þeirra.

Sigríður Andrésdóttir (14), fór 1904, dóttir þeirra.

Bændur á Geysir, Manitoba. Trausti sonur þeirra var síðar bóndi á Engimýri í Gimli.

Andrés Rasmussen (33), fór 1904, húsmáður.

Magnea Rasmussen (27), fór 1904, kona hans.

Anna Rasmussen (3), fór 1904, barn þeirra.

Kristján Rasmussen (2), fór 1904, barn þeirra.

Andrés var kaupmaður og skósmiður á Seyðisfirði. Kaupmaður í Rasmusenshúsi, Seyðisfjarðarkaupstað 1901. Rak útgerð og verslun í Gunnólfsvík með öðrum frá vori 1902 til hausts 1903 er hann flutti aftur til Seyðisfjarðar og fór þaðan til Vesturheims. Hermaður í kanadíska hernum í fyrri heimsstyrjöld.

Valgerður Árnadóttir (40), fór 1904, vinnukona.

Gísli Ólafsson Frydendahl (45), fór 1905, vinnumaður.

Guðbjörg Daniélsdóttir (46), fór 1905, kona hans.

Jón Daníel Gíslason (9), fór 1905, sonur þeirra.

Jóhanna Þ. Oddsdóttir (17), fór 1912, heimasæta.

Jónína Magnúsdóttir (29), fór 1912, saumakona.

Jónína Magnúsdóttir kom aftur 1961 og bjó það sem eftir lifði í Reykjavík.

Gæsagil

Þorgrímur Árnason (30), fór 1879, vinnumaður

Höfn

Sigvaldi Jónsson (58), fór 1879, vinnumaður.

Stefán Nicolaiisson Höjgaard (28) fór 1886, sér sín.

Sonur Nicolai Nicolaiissonar og bróðir Jóns Nicolai, föður Láru á Bakka. Þrír bræður Stefáns fóru einnig vestur.

Vilhjálmur Jóhannsson (34), fór 1903, vinnumaður.

Guðrún Jóhannsdóttir (27), fór 1903, vinnukona.

Elín Hallfríður Árnadóttir (15), fór 1903, léttastúlka.

Ættuð frá Vopnafirði. Vikastúlka í Dalhúsum.

Jónína G. Jóhannesdóttir (34), fór 1910, ráðskona.

Kverkártunga

Hildur Bjarnadóttir (20), fór 1904, vinnukona.

Búsett í Kristnesbyggð, Saskatchewan, Kanada. Lést 1951.

Miðfjarðarnes

Bjarni Gíslason (26), fór 1878, vinnumaður.

Bróðir Guðjóns Gíslasonar, sem fór vestur 10 árum síðar, frá Gunnólfsvík.

Miðfjarðarnessel

Þórhallur Sigvaldason (21), fór 1882, vinnumaður.

Aftur skráður til Vesturfara 1886, fór líklega frekar þá vestur.

Katrín Sigurðardóttir (27), fór 1887, vinnukona.

Var í Gardar, Pembina, North Dakota, USA 1900 og í Saskatchewan, Kanada 1906. Bróðurdóttir Hólmsfríðar Sigurðardóttur, eiginkonu Þórarins Hálfðánarsonar á Bakka. Sigurður faðir hennar var bóndi í Miðfjarðarnesseli.

Stefanía Þorláksdóttir (14), fór 1910, stúlka.

Miðfjörður

Sigurbjörn Jónsson (22), fór 1878, vinnumaður.

Hálfðán Þorsteinsson (24), fór 1879, húsmaður.

Sigurborg Jónsdóttir (31), fór 1879, kona hans.

Sigurborg Sigurðardóttir (58), fór 1879, móðir hennar.

Hálfðán var einn sona Þorsteins ríka Bjarnasonar og annar tveggja sem fóru vestur.

Guðjón Jónsson (25), fór 1879, vinnumaður.

Matthildur Þorsteinsdóttir (23), fór 1879, vinnukona.

Björn Gíslason (30), fór 1883, vinnumaður.

Kristján Gíslason (17), fór 1883, vinnumaður.

Valdimar Gíslason (20), fór 1887, vinnumaður.

Bóndi við Pembina í N-Dakóta og síðar nærri Wynyard. Deyr 1948.

Alexander Alexandersson (63), fór 1893, húsmaður.

Dáinn í Grafton, N-Dakóta árið 1904.

Skeggjastaðir

Friðjón Arngrímsson (24), fór 1882, vinnumaður.

Sveinbjörn Friðbjörnsson (28), fór 1887, vinnumaður.

Dóttursonur Péturs Stefánssonar, bónda á Miðfjarðarnesi

Steintún

Vilhjálmur Vilhjálmsson (27), fór 1882, bóndi.

Valgerður Jónsdóttir (63), fór 1882, móðir Vilhjálms.

Foreldrar og forfeður Vilhjálms höfðu lengi búið í Höfn. Vilhjálmur bjó í Árborg í Manitoba, Kanada. Vilhjálmur lést 1951. Valgerður, sem var bústýra hjá Vilhjálmi í Steintúni, bjó í N-Dakota eftir að hún kom vestur.

Viðvík

Páll Þórarinn Þorsteinsson (21), fór 1878, vinnumaður.

Kristján S. Sigurbjörnsson (24), fór 1893, bóndi.

Salvör Níelsdóttir (34), fór 1893, kona Kristjáns.

Halldóra V. Kristjánsdóttir (2), fór 1893, dóttir þeirra.

Elín Kristjánsdóttir (1), fór 1893, dóttir þeirra.

Kristján var vinnumaður á Skeggjastöðum, svo bóndi í Viðvík, uns hann fór vestur. Salvör var niðursetningur í Mosfellssókn, fluttist á Langanesströnd 1884, var vinnukona á Skeggjastöðum og svo húsfrú í Viðvík.



Myndin hér að ofan ef af Kristjáni, Salvöru og dætrum þeirra eftir að þau voru flutt til Vesturheims frá Viðvík.

Þorvaldsstaðir

Magnús Þorsteinsson (45), fór 1879, bóndi.

Guðrún Jónsdóttir (45), fór 1879, kona Magnúsar.

Jón Magnússon (25), fór 1879, sonur þeirra.

Þórunn Björg Magnúsdóttir (18), fór 1879, dóttir þeirra.

Magnús var einn sona Þorsteins ríka Bjarnasonar og annar af tveimur sem fóru vestur.

Guðleif G. Halldórsdóttir (26), fór 1903, vinnukona.

Steinþór Árnason (29), fór 1904, bóndi.

Stefanía Stefánsdóttir (29), fór 1904, kona Steinþórs.

Árni Steinþórsson (3), fór 1904, sonur þeirra.

Steinþór var bróðir Þórarins Árnasonar, bónda á Þorvaldsstöðum, afa Þorvaldsstaðasystkinanna.

Steinþór og fjölskylda komu aftur til Íslands. Árni sonur þeirra var síðar bifreiðastjóri í Reykjavík.

Þórdís Kr. Jóhannesdóttir (7), fór 1904, fósturbarn.

Afkomandi Péturs Stefánssonar á Miðfjarðanesi. Guðrún Pétursdóttir var langamma hennar.

Ragnheiður Stefánsdóttir (26), fór 1904, vinnukona.